



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA SKRIÐUHÆTTA Á AUSTFJÖRÐUM 19. DESEMBER 2020

Dags: 19.12.2020

Kl.:19:00

Skýrsla frá: Samhæfingarstöð almannavarna

Varðar: Neyðarstig á Seyðisfirði og hættustig á Eskifirði vegna skriðuhættu

Seyðisfjörður:

Vegna sprungna sem hafa komið í ljós í kringum skriðusár við Nautaklauf, þá var ákveðið að rýmingarsvæði innan A línu hættumats skyldi vera lokað í dag. Svæðið var skoðað í dag með flygildum og mun Veðurstofa Íslands fara yfir gögnin í kvöld og í fyrramálið. Vatnsprýstingur hefur farið minnkandi í jarðvegi.

Aðgerðarstjórn og Samhæfingastöðin hafa nýtt daginn til að skipuleggja komandi hreinsun og björgunarstörf og setja upp áætlanir þegar óhætt verður að fara inná hættusvæðið.

Neyðarstig almannavarna er enn í gildi á Seyðisfirði eftir að aurskriður féllu á bæinn í gær og íbúar hafa ekki enn snúið aftur.

Eskifjörður:

Gagnaöflun Veðurstofu, Vegagerðar og Fjarðabyggðar hefur staðið yfir í dag við Oddsskarðsveg vegna sprungu sem kom fram í gamla Oddsskarðsveginum. Dregið hefur úr hreyfingum þar og verða gerðar aftur mælingar á morgun til samanburðar. Auk þess var mælt víðar á svæðinu til þess að greina hvort hreyfing væri á stærra svæði. Þar til niðurstöður úr mælingum á morgun liggja fyrir verður áfram rýming í gildi á Eskifirði.

Fjöldahjálparstöð Rauða krossins í Eskifjarðarkirkju verður opin til klukkan níu í kvöld og opnar aftur klukkan níu í fyrramálið.

Samantekt

- **Veður** - Fer skánandi
- **Vegakerfið/samgöngur** - allir vegir greiðfærir nema í gegnum Seyðisfjörð
- **Rýmingar** - Engar breytingar voru á rýmingum í dag



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



- Lögregla - sinnir vettvangs- og aðgerðarstjórn auk umferðarstýringu og lokunum.
- Neyðarlínan - Sendir út SMS skilaboð vegna rýmingar.
- Björgunarsveitir - Sinna lokunum og undirbúa verkefni sem farið verður í næstu daga
- Rauði krossinn – Heldur úti fjöldahjálpastöð og veitir upplýsingar á staðnum til íbúa
- Landhelgisgæslan - Varðskipið Týr er á leiðinni austur
- Raforkukerfið - Seyðisfjörður enn rafmagnslaus að hluta, unnið að mati
- Fjarskipti - Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með fjarskiptakerfinu.
- Eignartjón - Ekkert formlegt mat á eignartjóni fór fram í dag

Staða mála

Veður

Skaplegt veður fer kólnandi.

Vegakerfið/samgöngur

Allir vegir eru greiðfærir nema vegurinn sem skriðan lokaði á Seyðisfirði.

Rýmingar

Engar breytingar urðu á rýmingum í dag.

Rýming er í gildi fyrir allan Seyðisfjörð og hluta af Eskafirði. Viðbragðsaðilar, vísindamenn og starfsmenn raforku- og fjarskiptafyrirtækja voru við störf á Seyðisfirði í dag.

Lögreglan

Lögreglan hefur stýrt umferð um svæðið og lokunum auk vettvangs- og aðgerðastjórn. Samhæfing aðgerða fer fram í samhæfingarstöð almannavarna. Fjölmiðlar fengu aðgang að Seyðisfirði í dag í fylgd lögreglumanna.

Neyðarlínan

Neyðarlínan hefur sent tilkynningar í SMS skilaboðum til íbúa og fólks á svæðinu vegna með upp færðum upplýsingum um stöðuna á Seyðisfirði og Eskafirði.

Björgunarsveitir

Björgunarsveitir hafa sinnt lokunum á Fjarðarheiði og komið að skipulagningu á fyrirhuguðum aðgerðum sem farið verður í þegar hættuástandi verður aflétt.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



Björgunarsveitarmenn aðstoðuðu starfsmenn raforkufyrirtækja og vísindamenn sem voru við störf á Seyðisfirði.

Rauði krossinn

Í dag hafa verið opnar fjöldahjálparstöðvar á Egilsstöðum og Eskifirði. Engin hefur þurft að gista í þeim en fulltrúar Rauða krossins hafa veit íbúum stuðning og upplýsingar um stöðu mála. Einnig hafa verið veittar mikilvægar upplýsingar til íbúa með SMS skilaboðum og í hjálparsíma Rauða krossins 1717.

Raforkukerfið

Rafmagnslaust er enn á hluta bæjarins. Starfsmenn Rarik hafa verið að störfum þar í dag og munu vera þar áfram á morgun.

Fjarskipti

Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með stöðu á fjarskiptainnvíðum á svæðinu.

Ríkislögreglustjóri almannavarnadeild www.almannavarnir.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)